

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Sandgerðishöfn.

I. KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Hafnarsvæðið er öll Sandgerðisvík, ásamt vikum og vogum, sem takmarkast að sunnan af Búðarhólma, Munkasetri og áframhaldandi af Býjarskerseyri, en að norðan bein lína úr Þorvaldi í fjörumörk milli Sandgerðis og Flankastaða.

II. KAFLI

STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Sveitarstjórn hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

Sveitarstjórn kys á fyrsta fundi sínum 5 manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann, sem boðar til funda í hafnarstjórn og stýrir þeim.

Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Hafnarvörður, eða sá sem sér um daglegan rekstur og eftirlit hafnarinnar, á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Til aðstoðar hafnarstjórn við daglegan rekstur hafnarinnar skal hafnarstjórn ráða hafnarvörð og/eða svo marga starfsmenn, sem þurfa þykir, og setur þeim erindisbréf. Daglegan rekstur, framkvæmdir, eftirlit og umsjón annast hafnarvörður í samráði við hafnarstjórn.

Haldið skal sérstakt reikningshald fyrir hafnarsjóð og skal skrifstofa Miðnes-hrepps annast bókhald hans. Um meðferð ársreikninga hafnarsjóðs skal fara eftir lögum nr. 48/1967.

III. KAFLI

UM ALMENNA REGLU Á HÖFNINNI OG HAFNARSVÆÐINU

4. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

5. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina, að bryggju eða að hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar, svo og skipshöfn hans öll.

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, tálmi þeir með því fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

8. gr.

Skýlt er að gæta ýtrustu varúðar í meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni. Hið sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu gæti verið að ræða (sjá 24. gr.).

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina, hvorki frá skipum né frá hafnarbakka eða bryggjum, kjölfestu, ösku, dauðum fiski, fiskúrgangi, veiðarfærum, trossum, vírum, matar-leifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt þess háttar skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður visar til.

Ekki má láta olíur eða vatn mengað olíu, renna í höfnina, á hafnarmannvirki eða á þilfar skipsins.

IV. KAFLI

UM LEGU SKIPA Í HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

10. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar, er visar honum á legustað fyrir skipið.

Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar, þar sem starfsmenn hafnarinnar segja til um. Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að álitni hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd eða umboðsmaður hennar vísað skipum frá bryggjum og hölvirkjum, álitni hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

11. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sóthætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

12. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega aldrei liggja þannig á höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skýlt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

Brottfarartíma skips skal skipstjóri tilkynna hafnaryfirvöldum með minnst tveggja tíma fyrirvara.

13. gr.

Sé nauðsynlegt talið að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm skipa, er utar liggja yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

14. gr.

Í sérhverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. 1 maður, er getur tekið við fyrirskipunum frá

starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

15. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa, að tilvísun hafnarvarðar. Séu landfestar úr járn, skulu þær klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skýlt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju óski hafnarvörður þess.

16. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi af því hætta.

17. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatna á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

18. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

19. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skýlt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka, bryggjunnar eða bátanna, að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, unz umbætur hafa farið fram.

Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarvörður vísar til.

20. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal eigandi skips láta hreinsa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hafa verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert en eigandi farms eða skips greiði þann kostnað, er af því leiðir.

V. KAFLI

UM SKIP, SEM LAGT ER Í LÆGI

21. gr.

Skipum má leggja í lægi á höfnina með sérstöku leyfi hafnarnefndar, sé það gert undir umsjón hafnarvarðar, sem ákveður legustaðinn, legufærin og fyrirkomulag allt, er varðar lagningu skipsins.

22. gr.

Meðan skip liggur mannlaut í lægi á höfninni, skal ekki sjaldnar en á viku fresti fara út í það til að lita eftir hvort legufæri eða annað hefur farið úr lagi eða bilað. Ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Leyfi hafnarstjórnar til að leggja skipi í lægi, er bundið því skilyrði, að ef skipið sekkur, láti eigandi þess taka það upp eða sprengja það í sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt innan tiltekins frests, getur hafnarstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

23. gr.

Heimilt er að leggja skipi í lægi á höfninni, þó það sé mannlaut, sé það svo þétt, að álitu hafnarvarðar, sem getur framkvæmt eða látið framkvæma á því rannsókn á kostnað eiganda, að ekki stafi af því nein hættu.

Á skipum þessum skal tendrað ljós samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum um skip, er liggja fyrir akkeri.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilkynna hafnarverði um umsjónarmann, búsettan í því lögsagnarumdæmi, sem höfnin er í, sem skal hafa umsjón skipsins á hendi og skal skipstjóri ganga úr skugga um að hafnarnefnd sé samþykkt útnefningu umsjónarmannsins. Hafnarnefnd getur krafizt, ef henni finnst ástæða til, að umsjónarmaður hafi skipstjórnarréttindi og hafi búsetu það nálægt hafnarsvæðinu að auðvelt sé að ná til hans í tæka tíð, er færa þarf skipið, eða til annarra þeirra aðgerða, er skipið snertir.

Hafnarvörður beinir til umsjónarmanns öllum þeim fyrirskipunum er skipið verða, en umsjónarmaður annað hvort framkvæmir fyrirskipanir hafnarvarðar eða sér um að þær séu framkvæmdar. Verði dráttur á því skal hafnarvörður láta framkvæma verkið á kostnað skipseiganda.

VI. KAFLI

UM FERMINGU OG AFFERINGU ELDFIMRA VÖKVA
OG SPRENGIEFNA

24. gr.

Skip, sem flytja eldfim efni svo sem steinolíu, gasolíu, benzín, acetón, terpentínu eða aðra álíka eldfima vökva, sprengiefni, svo sem púður, dýnamit, geomit eða þess konar efni, mega ekki fara inn á höfnina fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarvarðar og afferming leyfð undir eftirliti brunavarða, ef til þess þykir ástæða. Um útskipun á sams konar farmi gilda sömu varúðarreglur.

25. gr.

Skip, sem hafa meðferðis þau efni, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, skulu, er þau koma inn á höfnina með þess konar farm, hafa á framsiglutoppi alþjóðlegt merkjaflagg með bókstafnum „B“, að degi til, en að næturlagi rautt ljós í þess stað. Merki skal hafa uppi svo lengi sem skipið er í höfn og um hættu getur verið að ræða. Skip, sem ekki hafa framsiglu, skulu þess í stað reisa a. m. k. þriggja metra háa stöng, sem flagginu eða ljósinu skal komið fyrir á.

VII. KAFLI

UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

26. gr.

Öll skip, sem eru 12 rúmllestir eða stærri, skulu greiða hafnargjöld til hafnar-sjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiða hálfst lestagjald en fullt bryggjugjald ef þau koma að bryggju. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestum.

27. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmlest í hvert sinn, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, með þeim undantekningum, er áður getur. Lægsta gjald kr. 100.00.

Skip, sem leita til hafnar vegna sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, greiða ekki lestagjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja á land sjúka menn eða látna.

28. gr.

Bryggjugjöld.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring kr. 1.50 af hverri brúttólest, þó aldrei minna en kr. 100.00.

29. gr.

Hafnargjöld fyrir íslensk fiskiskip allt að 400 rúmlestir.

- a. Opnir bátar greiði kr. 1000.00 á ári.
- b. Fiskiskip, sem halda til í höfninni eða hafa uppsátur innan takmarka hafnarinnar, þrjá mánuði samfleytt á almanaksárinu, eða lengur, skulu greiða kr. 160.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á ári.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.
- c. Önnur fiskiskip, sem hafa fasta viðlegu um skemmri tíma í höfninni greiði kr. 24.00 í lesta- og bryggjugjöld af hverri brúttórúmlest á mánuði.
- d. Fiskiskip, sem ekki hafa fasta viðlegu í höfninni skulu greiða kr. 2.40 í lesta- og bryggjugjöld, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem þau dvelja í höfninni. Þó greiðist þetta gjald ekki oftari en 10 sinnum á almanaksmánuði. Gjöld þau, er um getur í grein þessari skulu greidd hvort sem skipin liggja við bryggju eða bólvirki eða utan á bátum eða skipum.

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum svo og skepnum, lifandi eða dauðum, sem skipað er út og upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum, er síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálfst gjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi.

- b. Olía, kol, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til notkunar, sem fluttar eru úr landi. Enn fremur salt og is, sem flutt er úr landi í íslensk skip til eigin notkunar.
- c. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá.
- d. Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

33. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarverði í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagníð á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla á vog hafnarinnar gegn vigtargjaldi, sem hafnarnefnd ákveður. Reynist vörumagníð meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald, sem þar segir. Minnsta vörugjald skal vera krónur 10.00. Leiki vafi á í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarvörður skera úr um það, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

35. gr.

Vörugjaldskrá.

Brotfluttar og aðfluttar vörur.

1. fl. Gjald kr. 70.00/tonn:

- a. Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, sement, vikur.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.
- c. Útfluttar afurðir þ. m. t. sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur, unnar eða hálfunnar.

2. fl. Gjald kr. 150.00/tonn:

- a. Unnar iðnaðarvörur þ. m. t. nýlenduvörur, unnar vörur til bygginga, gólfdukar, flisar, þilplötur, efni til pípulagna, pökkuð matvæli, niðursuðuvörur, fatnaður.
- b. Allt ótalið annars staðar (eftir þyngd.)

3. fl. Gjald kr. 400.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra þ. m. t. heimilisvélar, landbúnaðar- og vinnuvélar, loft- og rafknúin tæki, skrifstofutæki, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, húsgögn, hljóðfæri, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, fegrunarvörur. Af flutningi vinnuvéla innanlands skal veita 50% afslátt. Af vörum undir staflið b sé gjald kr. 800.00 á tonn, þegar um er að ræða flutning frá útlöndum.

4. fl. Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

a. Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl. Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjaldaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

36. gr.**Ýmis gjöld til hafnarinnar.**

Allt vörumagn, sem um höfnina fer og ekki er á farmskrá skal vegið á vog hafnarinnar, enda fullnægi hún þeim lagaákvæðum, sem í gildi eru hverju sinni um mál og vog. Fyrir vigtun á vog hafnarinnar skal eigandi vörunnar greiða í hafnarsjóð vigtargjald, sem nemur kr. 1.50 af hverjum 100 kg. Hafnarnefnd getur þó, án þess að leyfi ráðherra komi til, breytt upphæð vigtargjaldsins um allt að 25% til lækkunar eða hækkunar, en auglýsa skal breytinguna í Lögbirtingablaðinu með minnst mánaðar fyrirvara.

37. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem eru leigð einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

39. gr.

Fyrir vatn afhent við bryggju skal greiða:

- a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó kr. 500.00 á ári, 12—50 brúttórúmllestir kr. 1 500.00 á ári. 50 brúttórúmllestir og yfir kr. 3 000.00. Gjaldldagi er í apríl ár hvert.
- b. Öll önnur skip og bátar skulu greiða fyrir vatn kr. 20.00 pr. tonn.

40. gr.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki eru talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða samkvæmt reikningi frá hafnarsjóði.

41. gr.**Um innheimtu og greiðslu gjalda.**

Skrifstofa Miðneshrepps sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin þar.

42. gr.

Skipstjóri, formaður eða eigandi ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipum, unz hafnargjöld eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

43. gr.

Leigugjald fyrir lóðir og geymsluhús hafnarinnar skv. 12. og 13. gr. greiði móttakandi af vörum, sem fluttar eru úr húsum eða af lóð hafnarinnar.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar byrjað er að afferma skipið.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörunum eða andvirði þeirra, unz gjaldið er greitt.

44. gr.

Leigu af lóðum hafnarinnar greiðir leigjandi.

45. gr.

Gjald fyrir að nota krana, sporbrautir eða önnur tæki og áhöld greiðir sá, sem semur við hafnarstjórn um afnotin.

46. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 83. gr. b, tölulið 3, skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

47. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur ekki honum í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

48. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútljád, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

49. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt þessari reglugerð heimilast að gefa forráðamönnum skips, skal gefa stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi, og eigi heldur umboðsmaður hans skv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

51. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Sandgerði nr. 64 21. apríl 1948 og breytingar frá 27. sept. 1954, 16. nóv. 1960 og 11. marz 1963.

Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Suðureyrarkauptún.

I. KAFLI**TAKMÖRK HAFNARINNAR**

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að utanverðu og vestan bein lína sem hugsast dregin úr Brimnestá yfir Súgandafjörð í innri Skjólklett á Galtarhlið, en að innan og sunnan bein lína úr Stein á Steinsengi yfir fjörðinn í ytri Áreið milli Selárdals og Gilsbrekku.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmensjón samgönguráðuneytisins og ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs. Hún kys á fyrsta fundi sínum þriggja manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera sama og hreppsnefndar.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi daglegan rekstur og framkvæmdir hafnarmála yfirleitt. Hún semur áætlanir um tekjur og gjöld hafnarsjóðs, og gerir áætlun um framkvæmdir og viðhald og leggur síðan fyrir hreppsnefnd til fullnaðarafgreiðslu.

4. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann og starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem verksvið þeirra er ákveðið. Hafnarvörður, eða sá er sér um daglegt eftirlit með höfninni, mannvirkjum hennar, húsum og áhöldum, skal eiga sæti á fundum hafnarstjórnar og hafa málfrelsi þar og tillögurétt.